


ÍBÚÐ I

Íbúðin skiptist í eldhús, stofu, svefnherbergi og baðherbergi. Úr stofu er gengið út á svalir með svalaskjóli.

Allar innréttingar eru úr melamíni með viðaráferð. Í eldhúsi er L-laga eldhúsinnrétting, bakaraofn í borðhæð, uppþvottavél og keramik helluborð. Flísalagt er milli efri og neðri skápa. Á gólfum er harðparket nema á baðherbergi þar sem allur gólfhlötur er flísalagður með hindrunarlausu aðgengi að sturtusvæði.




Veggir á baðherbergi eru flísalagðir í hurðarhæð. Salerni er upphengt og á vegg er handklæðaofn. Tenging er fyrir þvottavél og þurrkara.

Skápar eru í svefnherbergi og forstofu. Sólbekkir eru í stofugluggum. Ljósúplur eru í forstofu, á baðherbergi og í eldhúsi, þar er einnig ljósstæði undir efri skápum.

Geymsla er inni í íbúðinni. Hjóla- og rafskutlugeymsla er í götuhæð.

Allar íbúðir eru búnar myndavéladyrasíma.

STAÐSETNING Í BYGGINGUNNI



ÍBÚÐ NR:

107

Íbúð
Geymsla
Alls

56 m²
5 m²
61 m²



Naustavör er dótturfélag Sjómannadagsráðs

NAUSTAVÖR

Öryggi | Afþreying | Þjónusta